

Umhverfissáttmáli Andabæjar

Við berum virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi okkar. Við njótum þess að vera hluti af náttúrunni og leggjum okkur fram við að stuðla að sjálfbærni og sjálfbærri þróun svo komandi kynslóðir hafi sömu tækifæri til að njóta náttúrunnar eins og við. Við göngum vel um bæði innandyra og utandyra og hvetjum aðra til að gera slíkt hið sama. Við gætum hófsemi í allri notkun og endurnýtum það sem fellur frá okkur eins og kostur er. Við gætum að okkar heilsu og lifum heilbrigðum lífstíl.

Hvernig ætlar leikskólinn að uppfylla þennan sáttmála?

- Við gætum þess að umgangast umhverfi okkar og náttúruna með virðingu og af alúð
- Við nýtum nánasta umhverfi og efnivið náttúrunnar í námi, leik og starfi
- Við plöntum trjám og ræktum grænmeti þegar tækifæri gefst
- Við flokkum ólífrænt sorp eftir fremsta megni og sendum í endurvinnslu eða endurnýtum sjálf
- Við flokkum lífrænt sorp, komum því í moltugerð og nýtum svo á beðin okkar
- Til þrifa og þvotta eru valin efni og áhöld sem hafa sem minnst skaðleg áhrif á náttúruna
- Við förum sparlega með vatn og orku
- Við hvetjum starfsmenn og foreldra þess að ganga í leikskólann
- Við hvetjum til þess að drepíð sé á kyrrstæðum bílum til að minnka mengun
- Við kynnumst og tengjumst nærumhverfi okkar, til dæmis með skipulögðum göngutúrum, heimsóknum og kynningum
- Við tölum saman um umhverfismál og náttúruna – allir hafa tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri
- Við vinnum markvisst að nokkrum meginverkefnum og stefnum og vinnum að því að tengja þau saman:

